

Leikjanámskeið

Haldið verður þriggja vikna leikjanámskeið fyrir börn fædd árin 2006-2009 dagana **20. júní - 7. júlí**, kl. 13-16.

Námskeiðsgjald er 10.000 kr. Leiðbeinandi verður Gunnur Rós Grettisdóttir. Skráningar skulu berast Svönu í síma 779 1324 eða netfangið udn@udn.is.

Íþróttæfingar

Frjalsíþrótt- og knattspyrnuæfingar verða á mánudögum og fimmtudögum kl. 17-19. Engin æfingagjöld verða á þessar æfingar.

Yfirþjálfari er Svana Hrönn, nánari upplýsingar í síma 779 1324, netfangið udn@udn.is og á heimasíðunni www.udn.is.

Félagsþjónusta

Föst viðvera félagsráðgjafa er í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar fyrsta og þriðja miðvikudag hvers mánaðar frá kl 13-16. Mikilvægt er að panta tíma. Tímamantanir eru í síma 433 7100 eða 898 9222 kl. 9-15 virka daga.

Auk þess er unnt að hafa samband við félagsþjónustuna símleiðis í síma 433 7100, kl. 9-15 aðra virka daga til að fá upplýsingar og ráð eða ákveða tíma, allt eftir aðstæðum.

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Vegna sumarleyfa verður Héraðsbókasafn Dalasýslu lokað **20. júní - 1. júlí** og síðan 25. júlí - 15. ágúst.

Héraðsbókasafnið er opið á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13-18.



DALAPÓSTURINN

8. tölublað, 9. árgangur

14. júní 2016

Dagskrá 17. júní

Hátíðahöld verða í Búðardal 17. júní. Safnast verður saman við Silfurtún kl. 14. Börn fá fána og blöðrur.

Frá Silfurtúni verður síðan skróðganga að Dalabúð og þar verður flutt hátíðarávarp og fjallkonan stígur á stökk.

Kjörskrá

Kjörskrá fyrir Dalabyggð vegna forsetakosninga 25. júní 2016 liggur frammi á skrifstofu Dalabyggðar **15. júní - 25. júní**, alla virka daga kl. 10 - 14.

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla er hjá sýslumönnum.

Skrifstofa Dalabyggðar

Skrifstofa Dalabyggðar verður lokað vikuna **4. - 9. júlí** vegna sumarleyfa. Skrifstofa Dalabyggðar er opin virka daga kl. 10-14. Símatímar eru kl. 9-13. Póstkassi er í anddyri stjórnsýsluhúss ef þarf að skila inn skjölum utan opnunartíma.

Þjóðlendukröfur

Kröfulýsingarfrestur vegna þjóðlendukrafna í Dalasýslu rennur út **18. júní 2016**.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Bæjarhátíðin *Heim í Búðardal*

Bæjarhátíð verður í Búðardal helgina 8.-9. júlí.

Föstudagurinn 8. júlí

Námskeið með Einari Mikael töframanni

Kjötsúpa

Kvöldvaka

Einar Mikael verður með töfrásýningu

Dalamenn taka lagið

Steinar spilar nokkur lög

Laugardagurinn 9. júlí

Morgunmatur fyrir alla

Latibær skemmtir börnunum

Ratleikur

Vestfjarðarvíkingurinn, keppt verður í tveimur greinum.

Kassabílarallý KM

Dansleikur með hljómsveitinni Goðsögn.

Einnig verður leirlistasýning á vegum Guggu Björns og ljósmynda- og myndlistasýning á vegum systranna Steinu og Dagrúnar Matthíasdætra.

Þá eru bæjarbúar hvattir til að skreyta hátt og lágt og mynda þannig skemmtilega stemmingu. Litabemað verður milli gatna líkt og áður. Skiptingin verður við lækinn í Búðardal. Blátt og rautt þema norðan megin og grænt og appelsínugult sunnan megin.

Flugdrekasmiðja

Föstudaginn 24. júní kl. 10– 16 verður flugdrekasmiðja fyrir grunnskólabörn á yngsta stigi Auðarskóla. Arite Fricke iðnhönnuður leiðbeinir börnunum. Börnin hanna og smíða sína eigin flugdreka og spreyta sig á að láta þá fljúga í Víkinni við Ægisbraut í lok dags. Uppbyggingarsjóður Vesturlands styrkir verkefnið og er þátttaka ókeypis. Skráning er hjá Völu í síma 845 2477 og á info@dalir.is fyrir mánudaginn 20. júní.

Verkefnislýsing svæðisskipulags

Verkefnislýsing svæðisskipulags hefur verið lögð fram til kynningar og umsagnar. Í verkefnislýsingunni er gerð grein fyrir tildrögum og tilgangi svæðisskipulags og hvernig staðið verður að vinnslu þess.

Lýst er landfræðilegu samhengi skipulagssvæðisins og samhengi verkefnisins við aðra stefnumótun og áætlanagerð á svæðis- og landsvísu. Farið er yfir nálgun við greiningu, stefnumótun, umhverfismat og samráð við áætlunargerðina og vinnuferlinu lýst.

Drög að lýsingunni voru til umfjöllunar nefndarinnar í byrjun apríl og kynnt á opnum súpufundi í Tjarnarlundi í Saurbæ. Í kjölfarið var gengið frá lýsingunni og hún kynnt fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum og þeim gefin kostur á að senda inn ábendingar.

Hægt að skoða verkefnislýsingu á skrifstofum sveitarfélaganna þriggja til og með **12. júlí**. Skjalið verður jafnframt aðgengilegt á vefjum sveitarfélaganna.

Óskað er eftir að umsögn eða hverskonar ábendingar berist fyrir 12. júlí. Í lýsingunni er að finna upplýsingar um hvert skuli senda umsögnina og þar eru einnig spurningar um efni sem beint er til lesenda varðandi forsendur, viðfangsefni og nálgun svæðisskipulagsgerðarinnar.

Deiliskipulagstillaga að Laugum í Sælingsdal

Þá er minnt á að frestur til að skila inn athugasemdum vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir Lauga í Sælingsdal rennur út **16. júní**. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Dalabyggðar Miðbraut 11, 370 Búðardal eða á netfangið dalir@dalir.is merkt „Deiliskipulag Laugum“.

Skipulagsuppdrættir og greinagerðir er til sýnis á skrifstofu Dalabyggðar. Ennfremur eru gögnin aðgengileg á heimasíðu Dalabyggðar.